



Alþingi

Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK*Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1715
komudagur 10.3.2008*Reykjavík, 07. mars 2008
Tilvísun: 2008020012**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, breyting ýmissa laga, 325. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um tekjuskatt, breyting ýmissa laga, 325. mál.

Frumvarpið felur í sér tvíþætta tillögu að breytingum á skattlagningu aðila í atvinnurekstri:

1. Lagðar til breytingar á reglum um skattskyldu söluhagnaðar lögaðila af hlutabréfum
2. Lögð er til tilfærsla á skattaumsýslu þeirra lögaðila sem mest umsvif hafa í íslenskum þjóðarbúskap til sérstakrar starfseiningar innan Reykjavíkurmæmis.

ASÍ leggst gegn þeirri breytingu sem lögð er til, að söluhagnaður lögaðila af hlutabréfum verði skattfrjálst en á móti falli frádráttur vegna kostnaðar við hlutabréfaviðskiptin niður.

Þrátt fyrir að á undanföllum árum hafi verið gerðar veigamiklar breytingar á skattaumhverfi lögaðila hefur það ekki leitt til aukinnar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi og heldur ekki dugað til að halda fé í landinu. Ástæðan er ekki sú að skattlagning lögaðila sé almennt ekki samkeppnifær við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við. Tekjuskattar lögaðila eru með því lægsta sem þekkist meðal OECD landa og hlutfall tekná ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila einnig með því lægsta sem þekkist. Nýverið boðaði ríkisstjórnin að tekjuskattur lögaðila yrði lækkaður um 3%-stig eða um 16,7%. Þá er rétt að hafa í huga að skattur af fjármagnstekjum er einnig með því lægsta sem þekkist.

Varðandi þau rök sem íesa má úr greinargerð frumvarpsins að líkur séu á að þessi skattur skili fremur litlum tekjum vegna þess að hægt sé að fresta skattlagningunni óendanlega og einnig að mörg íslensk félög hafa flutt eignarhald á hlutabréfum til landa sem ekki skattleggja söluhagnað þá vega þau ekki þungt að mati ASÍ. Eðlilegra er að bregðast við með því að kanna með hvaða hætti hægt er að koma í veg fyrir slík skattaundanskot. Í því samhengi má benda á að þann

vanda að bæði virðist hægt að komast hjá því að greiða eðlilegan skatt af söluhagnaði og einnig af hagnaði með því að færa fjármagn úr landi. Ástæðuna má án vafa rekja til þess að Íslensk skattalög eru varnarlítil fyrir aðgerðum af þessum toga en Ísland er eitt fárra landa í Vesturálfu, sem ekki hefur leitt í lög nein ákvæði sem hindra eða takmarka flutning á hagnaði til annarra landa án eðlilegrar skattlagningar.

ASÍ leggst því eindregið gegn þeirri breytingu að söluhagnaður lögaðila af hlutabréfum verði undanþeginn skattskyldu.

Varðandi þá tillögu að færa skattumsýslu þeirra lögaðila sem mest umsvif hafa í íslenskum þjóðarbúskap tii sérstakrar starfseiningar innan Reykjavíkurmæmis, þá gerir ASÍ ekki athugasemd við þá tillögu.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ